




Verð kr. 250

Víkan

15. tbl. 38. árg. 8. apríl 1976

PÁSKABLAÐ

EITTHVAÐ HREIN

Ég veit ekki til, að alltaf sé verið að spyrja málara, hvort þeir byggi á séríslenskri hefð. Nema það sé þessi hefð, sem útlendingar þykjast sjá í verkum okkar, þegar þau eru sýnd erlendis. En það er í rauninni ekki nein hefð, heldur landið, umhverfið og skaplyndi okkar, sem fram kemur...

1. júlí í sumar er ráðgert, að opnuð verði samnorðæn sýning á vefjarlist (textilkunst) í Listasafni Álaborgar. Sýningin mun bera heitið Textil Triennale, en í því felst, að fyrirhugað er að efna til slíkrar sýningar þriðja hvert ár. Með vefjarlist er átt við fleira en ofin listaverk — hugtakið nær einnig yfir batiklist, tauþrykk, og yfirleitt alla þá list, sem unnin eru úr eða á ofið efni.

Hugmyndina að þessari samnorðænu vefjarlistarsýningu, sem er farandsýning og verður sett upp á öllum Norðurlöndum að lokinni sýningunni í Álaborg, síðast hér í Reykjavík í janúar á næsta ári, eiga nokkrir danskir vefarar með Nönnu Hertoft í broddi fylkingar. Framlag Norræna hússins til listahátíðar í Reykjavík árið 1974 var einmitt myndvefnaðarsýning, þar sem listamennirnir Barbara Árnason, Vigdís Kristjánsdóttir, Hildur Hákonardóttir og Ásgerður Búadóttir sýndu verk sín auk eins vefara frá hverju hinna Norðurlandanna. Árið áður hafði Ásgerður verið fulltrúi Íslands á vefnaðarsýningu, sem nýtt gallerí í Hässelbyhöll í Stokkhólmum var opnað með, en þar sýndi einn vefari frá hverju Norðurlanda. Þáðar þóttu þessar sýningar takast mjög vel, þar hittust vefarar frá öllum Norðurlöndum og skiptust á skoðunum.

Ákveðið hefur verið að velja ekki úr verkum á Textil Triennale í hverju landi fyrir sig, heldur safna öllum framlögum listamanna á Norðurlöndum til sýningarinnar saman í Álaborg, þar sem dómnefnd skipuð einum fulltrúa frá hverju landi mun velja úr verkunum, og er Ásgerður Búadóttir fulltrúi Íslands í nefndinni.

Ásgerður er löngu vel þekkt listakona. Hún sýndi fyrst opinberlega á alþjóðlegri listiðnaðarsýningu í München árið 1956, og er ekki ofsagt, að hún hafi farið vel af stað, því að tvær litlar veggmyndir eftir hana fengu gullverðlaun á sýningunni. Síðan hefur Ásgerður haldið þrjár einkasýningar hér heima, og auk þess tekið þátt í fjölda samsýninga bæði hér heima og erlendis. Auk sýningarinnar í Hässelby, sem áður er getið, má nefna að Ásgerður var gestur dönsku listasamtakanna Koloristerna á sýningu í Kaupmannahöfn í fyrra.

Víkan gekk nýlega á fund Ásgerðar til þess að fræðast af henni um vefnað sem listgrein, og hið fyrsta, sem við inntum Ásgerði eftir var, hvort hún gæti upplýst lesendur um, hver séu grundvallaratriði listvefnaðar.

— Allir sem hafa ofið vita, að fræðilega séð er vefur tvívíður flötur, sem byggist upp



hornrétt af samofnum þráðum, lóðréttum, sem er uppistaðan, og láréttum, sem er ívafið. Út frá þessari grundvallarreglu er alltaf unnið, hvort sem verkinu er ætlað að vera ferhyrnt eða í öðru formi, t.d. vefskúlpútur, í þrívídd, eða á einhvern annan hátt, eftir því sem vefarinn vill tjá sig í verkinu. Það er sagt, að síðan á dögum forn-egyptna hafi engin ný vef-tækni né aðferð verið uppfundin. En nútíma-vefarar hafa notað gamla tækni og aðferðir á nýjan hátt og leitað að nýjum efnum að vinna úr, svo vissulega má kalla það nýsköpun. Vonandi fáum við að sjá ýmislegt nýstárlegt á þessari samsýningu, sem hingað kemur.

Ásgerður Búadóttir í stofu sinni og vinnustofu með litina í næsta teppi í kringum sig.

— Þessi lárétti vefstóll, sem ég vinn við, hefur lítið sem ekkert breyst. Hann er í höfuðatriðum sami stóllinn og notaður var á miðöldum. Þó held ég ekki, að hann hafi þá verið notaður til myndvefnaðar. Og ég er í engu fljótari að vinna við hann en þeir sem þá ófu. Í dag eru lárétti og lóðrétti stóllinn þó notaðir jöfnum höndum til myndvefnaðar. Einn galli finnst mér á lárétta stólinum, og hann

Viðtal við Ásgerði Búadóttur vefara.

er sá, að ég sé svo lítinn part af verkinu, sem ég er að vinna, kannski ekki meira en þrjátíu sentimetra í einu, en verð þó alltaf að hafa heildina í huga. Ef ég breyti einhverju meðan ég er að vefa, eins og ég geri oft, kemst ég iðulega í mikinn vanda.

— Lóðrétti vefstóllinn er líka í höfuðdráttum sá sami og t.d. kljásteynavefstaðurinn, sem sjá má í Þjóðminjasafninu. Í seinni tíð eru vefarar farnir að láta gera sér ramma til að vefa í, og fer ramminn þá eftir stærð verksins. Af því að ég minnst á kljásteynavefstaðinn, þá langar mig að skjóta því að, að fyrir nokkrum árum var mér gefinn kljásteyninn, sem fannst í moldarbarði, þar sem talið er að bær Höskuldar Hvítanesgoða, Ossabær eins og stendur í Njálu, hafi staðið. Hann er úr fitukenndum, svörtum steini, og ég er sannfærð um, að hann er úr vefstað Hildigunnar Starkaðsdóttur.


— Ertu að vinna að verki, sem þú ætlar að senda á sýninguna í Álaborg?

— Já. Ég er að vona, að ég geti verið með þrjú teppi; þó veit ég það ekki ennþá. Þetta er eins konar þrístæða, ef ég get nefnt það því nafni, en sjálfstæð hvert fyrir sig. Þau eru öll unnin út frá sömu hugsun og tema. Það er svo mikið til síðs núna að útskýra allt, en það eina, sem ég get sagt þér, er að mig langar að gera góðan vef, eitthvað hreint og klárt. Hvort mér takist það? Ég held ég taki aldrei svo vef niður úr stólnum, að mér finnst ekki ég hefði getað gert betur.

— Hvaða efni notarðu í vefinn?

Þessar vefmyndir eru með fyrstu verkum Ásgerðar á sviði vefnaðar.

— Ég nota ull, og stundum óspunnið hrosshár. Hrosshárið er ekki til skreytingar, heldur nota ég það á þann hátt, að það taki þátt í myndbyggingunni. Ef ég gæti valsað í búðir og keypt alls konar efni eins og vefarar geta erlendis, hefði ég ugglaut notað ýmislegt annað efni.



— Litarðu sjálf ullina í verk þín?

— Já, sumpart, en ekki alltaf. Þó geri ég meira af því upp á síðkastið. Til dæmis litaði ég þessa rauðu liti í þrístæðuna, en þó ekki úr kúahandi, sem sagt er, að áður hafi verið gert hér á landi, reyndar væri nú gaman að reyna það einhvern tíma, — heldur notaði ég litunarrót frá Suður-Fraklandi og kaktuslús frá Mexíkó, en hún gefur blárauðan lit.

— Byggir þú á séríslenskri hefð í verkum þínum?

— Ég veit nú ekki, hvað ég á að segja við þessari spurningu. Það er alltaf verið að tala um gamlar hefðir og hvort maður byggir á gamalli hefð. Ég veit ekki til, að alltaf sé verið að spyrja málara eða aðra myndlistarmenn, hvort þeir byggir á séríslenskri hefð. Nema það sé þessi hefð, sem útlendingar þykjast sjá í verkum okkar, þegar þau eru sýnd erlendis. En



„Eftir góðan og ótruflaðan vinnudag er fátt betra en fara að matselda fyrir fólkið sitt.“

það er í rauninni ekki nein hefð, heldur landið, umhverfið og skaplyndi okkar, sem fram kemur. Ég man eftir því, að á norrænu vefnaðarsýningunni í Hässelby kom gagnrýnandi frá einu stórblaðinu í Stokkhólmi; hann leit í kringum sig í salnum, áður en hann hafði fengið nokkra skrá í hendur og sagði: Ég sé, hvaða verk hér eru frá Íslandi! Annars er þessi þráláti misskilningur um hefðina sprottinn af því, að svo margir halda, að miðaldakirkjuklæðin séu ofin, en þau eru öll saumuð. Við eigum engan myndvefnað frá fyrri öldum; að minnsta kosti hefur ekkert varðveist af slíku. Það er endá eðlilegt, því var nokkur húsakostur til, þar sem hægt hefði verið að hengja upp myndvefnað? En við eigum annan vefnað, þar sem eru glitofnu söðuláklæðin og sessurnar og rúmábreiðurnar, sem eru brek- áns- og salúnsofnar. Þessir ofnu munir, sem varðveittir eru í Þjóðminjasafni, eru flestir frá 19. öld, svo að þeir eru ekki ýkja gamlir.

— Ég held það skipti engu máli fyrir þann, sem er að vinna í dag, hvort við eigum lítinn eða mikinn arf í vefnaði. Norðmenn eiga sér ákaflega langa vefnaðarsögu, sem er næstum óslitin frá þjóðflutningatímunum. Ég veit ekki, hvort þetta er nokkur alsæla fyrir þá, sem þar vefa. Kannski eru þeir bara bundnari. Betra er að geta skoðað og notið með frjálsum augum alls þess nýja, sem verið er að gera nú. Og erum það ekki við, sem erum að skapa hefðina?



— Úr því að engin hefð er til hérlendis í myndvefnaði, hlýtur sú spurning að vakna, hvað hafi orðið til þess, að þú lagðir þessa listgrein fyrir þig og gerðist eins konar frumkvöðull í henni hér?



Eitt teppanna úr þrístæðunni, sem Ásgerður hyggst senda á Textil Triennale.

— Ég er nú enginn frumkvöðull. Júlíana Sveinsdóttir bæði málaði og óf, en hún bjó að visu alla tíð í Kaupmannahöfn. Vigdís Kristjánsdóttir fór líka að vefa. Við vorum báðar í Handíðaskólanum hjá Kurt Zier og samtíða í Kaupmannahöfn við nám. Áður en ég fór á Akademíð, nefndi Zier við mig, hvort ég ætti ekki frekar að velja mér listiðnarskóla og þá vefnað. Ég hafði bara ekki kynnst neinu slíku, vissi varla hvað vefur var, svo ég hélt á Akademíð. En undirbúningurinn, sem ég fékk í Handíðaskólanum og á Akademíinu hafa orðið mér góð undirstaða þess, sem ég er nú

Stormharpan. Teppa eftir Ásgerði í eigu Norræna hússins.



að gera. Auðvitað var margt tæknilegt, sem tók mig lengri tíma að leysa en ella, en sem leystist samt.

— Var það ekki þyrnum stráð braut að vinna sér nafn sem vefari á Íslandi, þegar þú varst að byrja að vefa?

— Það var bara engin braut, hvorki þyrnum stráð né öðru. Það var enginn að vefa nema þær tvær konur, sem ég nefndi, og því engar sýningar eða annað, sem hvatti. Þetta má ekki valda misskilningi. Það var ofið um allt land, en ég er hér að tala um myndvefnað, og af slíku kom ekkert fram opinberlega.

— Margir listamenn kvarta undan því að geta ekki gefið sig heilir og óskiptir að listsköpun sinni fyrir brauðstriti. Gætir þú unnið einvörðungu að vefnaðinum og séð þér farborða þannig?



„Ég held ég taki aldrei svo vef niður úr stólum, að mér finnst ekki ég hefði getað gert betur.“

— Á það hefur aldrei reynt. Ég hef alltaf unnið að vefnaðinum ásamt með heimilisstórfum; þau eru mitt brauðstrit. Þau lét ég ganga fyrir öllu, meðan börnin voru yngri, og geri að nokkru leyti enn. Ég er með vefstólinn minn í miðri stofunni, og verst finnst mér að geta ekki lokað að mér. Ég sit stundum eins og úti á miðju torgi, með börn og leikfélaga og heilu fjölskylduna allt í kringum mig, og þá er stundum erfitt að einbeita sér. En við Kurt Zier vorum alveg sammála um það, að eftir góðan og ótruflaðan vinnudag væri ekkert betra en fara að matselda fyrir fólkið sitt.

— Að lokum ein spurning, Ásgerður. Býstu við mikilli þátttöku Íslendinga í þessari fyrstu stóru norrænu samsýningu á vefjarlist?

— Það er ekki gott að segja. Það skiptir

ekki höfuðmáli, hvort við verðum mörg, heldur að það sé gott, sem við sendum. Alla vega verður þetta íslenskri vefnaðarlist mikil hvatning.

Tról.

Nýtt frá
Alafoss

tweed LOPI

Fjórþætta Alafossbandið
sem fer sigurför
um heiminn

úrval af prjónauppskriftum

Alafoss




— Já en það eru líka liðnir þrír dagar síðan ég áætlaði kostnaðinn, svo það er von hann hafi aukist.



— Hún Guðrún kann sannarlega að þakka frumsýningar-gestum lófatakið.



— Ég mundi bjóða þér í mat, ef við værum ekki svona góðir vinir.

